

Skessuhorn. - Mynd: Kristín Jónsdóttir

Heilsufarsskoðanir 50 ára félagsmanna

Í reglugerð Sjúkrasjóðs Stéttarfélags Vesturlands segir:

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita styrki til sjóðsfélaga í formi forvarnar- og endurhæfingarstyrkja og styrkja vegna sjúkra- og slysakostnaðar, fæðingarstyrkja, vegna krabbameinsrannsókna, stoðtækjastyrkja o.þ.h. sem stjórn sjóðsins ákveður á hverjum tíma og geta sjóðsins leyfir.

Ákveðið var á aðalfundi að setja inn nýja grein í bótareglur sem verður 6. gr. svohljóðandi:

Almenna heilsufarsskoðun á heilsugæslustöð, fyrir félagsmenn sem verða 50 ára á almanaksári.

Greitt er að fullu, þó að hámarki k r. 10.000.

Við höfum sent þeim félagsmönnum sem urðu 50 ára á árinu 2017 bréf og þeir hafa tíma fram á mitt ár 2018 að nýta sér þetta. Sjóðurinn hefur nú í upphafi árs 2018 sent þeim félagsmönnum sem fæddir eru 1968 bréf, til að vekja athygli á þessum kosti.

Tökum upp punktakerfi við sumarúthlutun orlofshúsa 2018



Stjórn Orlofssjóðs Stéttarfélags Vesturlands, lagði það fyrir fund Trúnaðarráðs félagsins þann 19. sept. sl. að tekið verði upp punktakerfi frá áramótum 2006-2007 þannig að allir þeir sem greitt hafa í sameinað Stéttarfélag Vesturlands í 10 á eða meira í ársbyrjun 2017 geti verið með 120 punkta og síðan bætast við punktar vegna 2017, sem eru þá keyrðir inn í kerfið í febrúar eða mars 2018. Við notum þá rafræna úthlutun 2018. Þeir einstaklingar sem hafa greitt til félagsins óslitið frá sameiningu félaganna, eiga þá 132 punkta þegar ávinnslan fyrir 2017 hefur verið færð inn hjá þeim. Ávinnslan er einn greiddur mánuður sama og einn punktur. Með því að taka upp þetta kerfi við úthlutun sumarhúsa þá verður úthlutunin algjörlega rafræn og ekki hægt að draga í efa að hlutleysi sé gætt. Eitt af því sem félagsmenn stéttarfélaga telja mikilvægt er aðgengi að sumarhúsum og flestar rimmur sem teknar eru við starfsmenn stéttarfélaga er um hvers vegna menn hafi ekki fengið sumarhúsið sem sótt var um. Rétt er að geta þess að punktarirnir eru notaðir til að forgangsraða umsóknum, en ekki sem greiðsla upp í útleigu. Félagsmenn geta skoðað punktastöðu sína á orlofsvefnum.

Það hafa á síðustu misserum verið í

gangi umræður hjá félögum innan ASÍ um flutning réttinda milli félaga og eitt af því sem þar gæti skipt máli eru upplýsingar um réttindi í orlofssjóðum. Þessi breyting gerir það að verkum að möguleikar á því að flytja með sér orlofspunkta milli félaga verða fyrir hendi, ef slíkt fyrirkomulag ef viðurkennt af nýju félagi.

Stéttarfélag Vesturlands færir iðgjaldaupplýsingar um félagsmenn í DK bókhaldskerfið og það sér um að úthluta öllum punktum í samræmi við fjölda þeirra mánaða sem félagsmenn hafa skilað iðgjöldum á síðustu 11 árum. Við getum síðan látið Frímann orlofshúsavef úthluta rafrænt og þessi kerfi (DK og Frímann) sem mjög mörg ASÍ félaganna eru að fikra sig yfir í geta þá tekið við sögu félagsmanna hvert frá öðru og allir ættu að geta verið sáttir.

Þessi aðferð gerir okkur líka fært að vera með mismunandi útfærslur á því hvað það kostar marga punkta í frádrátt t.d. að leigja jól og áramót eða páska, þ.e. hvort það reiknast sem punktar eða hvort við látum bara leigu yfir sumarið kosta punkta.

Það er skemmst frá því að segja að aðalfundur félagsins staðfesti þessa breytingu.

Stéttarfélag Vesturlands

Starfssvæði: Hvalfjarðarsveit - Borgarbyggð - Skorradalur - Eyja- og Miklaholtshreppur - Dalabyggð

Félagsfréttir

Janúar 2018 - 22. tölublað

Ábyrgðarmaður: Signý Jóhannesdóttir.

Stjórn Stéttarfélags Vesturlands:

Signý Jóhannesdóttir, formaður Sigrún Reynisdóttir, varaformaður, Baldur Jónsson, ritari, Kristján Jóhannsson, vararitari, Eiríkur Þór Theódórsson, meðstjórnandi, Jónína Guðrún Heiðarsdóttir, meðstjórnandi. Aðrir meðstjórnendur og formenn deilda: Jakob Hermannsson, form. IMS-deildar, Patricia M da Silva Teixeira, form. MFP-deildar, Elin Ósk Sigurðardóttir, form. DRS-deildar, Francois E.T. M. Claes form. ISD-deildar, María Hrund Guðmundsdóttir, form. DVS-deildar.

Veiði- og útilegukortin fara á netið!

Sumarið 2018 býður Stéttarfélag Vesturlands félagsmönnum að kaupa **Útilegukortið** og **Veiðikortið** í gegnum heimasíðu félagsins í samstarfi við orlofsvefinn Frímann.

Félagsmenn geta keypt útilegukortið á kr. 12.000.- og veiðikortið á kr. 5.000.-.

Hægt er að finna allar upplýsingar um kortin á www.veidikortid.is, www.utilegukortid.is.

Við hvetjum félagsmenn til þess að kynna sér vel þessa kosti á vefsíðunum og síðan að skoða landið og njóta gæða þess á sem ódýrasta hátt.

Kortin verða einungis til sölu í gegnum vefinn og fá félagsmenn þau send heim í pósti. Starfsmenn félagsins geta leiðbeint þeim sem þess óska um hvernig kaupin gerast í gegnum vefinn.

Áfram í Gullklúbbnum

Gullklúbburinn er **kostur** sem nú stendur félagsmönnum áfram til boða. Orlofsjóður félagsins er aðili að Gullklúbbnum og geta félagsmenn gist á Gullklúbbskjörum á nokkrum hótelum í Reykjavík og víðar, þetta eru t.d. Grand hótél og Fosshótél. Afslættir fást einnig af mat og ýmiskonar þjónustu. Hægt er að nálgast félagsskirteini á skrifstofu félagsins.

Gisting að eigin vali - Stjórn orlofsjóðs hefur ákveðið að bjóða áfram, þeim félagsmönnum sem þurfa að greiða fyrir gistingu á hóteli

eða gistiheimili, að koma með reikninginn á skrifstofu félagsins og sækja um niðurgreiðslu. Við munum þá greiða niður um kr. 5.000 hverja nótt, þó ekki meira en 50% af kostnaði og að hámarki 4 nætur á ári, frá 1. maí til 30. sept. Á tímabilinu frá 1. okt. til 30. apríl, er niðurgreiðslan kr. 3.000 fyrir hverja nótt. **Reikningar þurfa að vera löglegir og skráðir á nafn félagsmannsins.** Rétt er að geta þess að þetta gildir ekki vegna þeirra kosta sem félagið býður sjálf í íbúðum eða orlofshúsum.

Íslenskt samfélag á ekki að líða nútíma þrælahald eða glæpastarfsemi!

Á Íslandi eru mannréttindi brotin á verkafólki á hverjum degi og er þar félagsvæði Stéttarfélags Vesturlands ekki undanskilið.

Fjölmíðlar fjalla í auknum mæli um brotastarfsemi af ýmsu tagi og augu fólks eru að opnast fyrir því að hér viðgangast hlutir sem ættu ekki að eiga sér stað á vinnumarkaði. Innan ákveðinna atvinnugreina hafa viðgengist gróf brot gegn innfluttu verkafólki og ungu fólki, misnotkun sem jafnast á við mansal eða nútíma þrælahald. Það er alveg ljóst að öflugra aðgerða er þörf. Stéttarfélög og verkalýðshreyfingin beina sjónum sínum í ríkara mæli að svartri atvinnustarfsemi og misnotkun fólks á vinnumarkaði.

Útlendingar og ungt fólk er hlunnfarið um laun, starfskjör og aðbúnað. Það er grafið undan þeim réttindum og árangri sem náðst hefur á vinnumarkaði almennt fyrir launafólk. Það er grafið undan samkeppnisaðstöðu fyrirtækja sem hafa hlutina í lagi og samfélagið allt missir af skatttekjum sem annars mætti nota í samfélagslegan rekstur, í heilbrigðis-, velferðar-, og menntakerfinu.

Á nýlegri ráðstefnu um nútíma þrælahald kom fram mjög ljótur sannleikur um glæpastarfsemi og glæpasamtök sem eru að festa rætur á Norðurlöndunum og eru að byrja að smeygja sér inn á íslenskan vinnumarkað. Í auknum mæli er um að ræða verktaka/fyrirtæki sem ráða starfsmenn sem tala ekki íslensku og skilja ekki eða tala litla ensku. Þeir þekkja ekki réttindi sín né kjarasamninga, eru háðir atvinnurekanda með fæði og húsnæði, vinna óeðlilega langa vinnudaga, eru jafnvel sjálfbodaliðar, komast ekkert frá, fá oft greitt jafnaðarkaup sem er ekki til í kjarasamningum, stéttarfélagsgjöldum eða öðrum lögbundnum greiðslum er ekki skilað, þeir eru oft ótryggðir og búa við lélegan aðbúnað.

Það er gríðarleg þensla á vinnumarkaði og allar spár benda til þess að hún haldi áfram næstu ár, einkum í ferðaþjónustu og byggingariðnaði. Því er spáð að á þessu ári muni fjölga um 15.000 manns á innlendum vinnumarkaði. Þar af verði minnst 8.000 útlendingar. Ástandið er vont og það versnar. Því verður með öllum ráðum að vinna gegn því að brotastarfsemi þrífist og nái fótfestu hér því annars mun það hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir launafólk, heiðarleg fyrirtæki og samfélagið allt.

Til að spyrna fótum við brotastarfseminni þarf almenna vakningu. Ég kalla eftir auknu samstarfi við yfirvöld og stjórnendur bæjar- og sveitafélaga ásamt hinum almenna borgara, launamanns og fyrirtækja um að líða ekki að niðst sé á ungu fólki og erlendu verkafólki.

Eftirlitsaðilar stéttarfélaganna þurfa að njóta stuðnings og samvinnu opinberra aðila eins og ASÍ, Starfsgreinasambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, Vinnueftirlitsins, Vinnumálastofnunar, heilbrigðiseftirlits og ekki síst lögreglunnar og skattsins, sem eru þeir aðilar sem geta beitt víðtækustu viðurlögum við brotastarfseminni.

Síðast en ekki síst þarf að tryggja aukin fjárframlög til aðila sem standa að eftirlitinu. Stéttarfélögin leggja sérstaka áherslu á mikilvægi þess að koma snemma að málum til að koma í veg fyrir að brotastarfsemi, nútíma þrælahald eða að svört atvinnustarfsemi festi hér rætur. Verkefnið er risavaxið og snýst um það að breyta viðhorfinu í samfélaginu. Jafnframt þarf að styrkja löggjöf og regluverk, fá ríkari eftirlitsheimildir og harðari viðurlög gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði.

Missum ekki íslenskan vinnumarkað í hendur erlendra glæpagengja. #einnrettuerekkertsvindl er slagorð okkar í baráttunni fyrir heilbrigðari og réttlátari vinnumarkaði hér á landi.

María Lóa Friðjónsdóttir
Verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits



Kynferðisleg áreitni VARÐAR öryggi

Kynferðisleg áreitni er valdbeiting sem kemur niður á öryggi fólks í samskiptum, bæði á vinnustöðum og annars staðar. Það er engin tilviljun að flestar sögurnar sem eru sagðar í #metoo byltingunni sem nú stendur sem hæst eru sögur af fólki að misbeita valdi sínu yfir öðrum. Þetta eru yfirmenn að beita undirmenn ofbeldi, leikstjórar að beita leikkonur ofbeldi, viðskiptavinir að beita þjónustufólk ofbeldi o.s.frv. Þegar valdi er beitt á þennan hátt festir það völdin í sessi og valdaleysi þess sem verður fyrir ofbeldinu. Mismunun gagnvart fólki er alltaf spurning um völd, það er alltaf erfiðara

að mismuna jafningja.

Í könnun Starfsgreinasambandsins sem gerð var árið 2014 kemur í ljós að um helmingur kvenna í veitinga- og ferðaþjónustu hefur orðið fyrir kynferðislegri áreitni og um fjórðungur karla. Þetta eru sláandi tölur en í samræmi við kannanir sem hafa verið gerðar í nágrennalöndunum okkar. Kynferðisleg áreitni er hér skilgreind sem ósanngjörn og/eða móðgandi kynferðisleg hegðun. Mesta hættan á að verða fyrir áreitni var hjá ungum konum í þjónustustörfum. Karlar urðu mest fyrir áreitni af viðskiptavinum en konur urðu fyrir áreitni af viðskiptavinum,

vinnufélögum og yfirmönnum. Skýrasti munurinn á kynjunum var þegar spurt var hvaða áhrif áreitnin hafði á öryggi fólks á vinnustaðnum. Rúmlega 40% kvenanna sögðu áreitnina hafa haft mjög mikil eða frekar mikil áhrif á öryggi sitt en enginn karlanna fann fyrir skertu öryggi vegna áreitninnar. Verstu áhrifin hafði áreitnin þegar henni var beitt af yfirmönnum.

Umfangið á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum er slíkt að ekki verður fram hjá því litið. Atvinnurekendur bera alla ábyrgð á því að búa fólki öruggt starfsumhverfi og launafólk og stéttarfélag verða



að krefjast þess að þeir standi undir þeirri ábyrgð. Öryggi starfsfólks snýst um meira en öryggishjálma og stáltær, það snýst ekki síst um annað líkamlegt og félagslegt öryggi.

*Drífa Snædal
Framkvæmdastjóri
Starfsgreinasambands Íslands*

Stóriðjuskóli Norðurláls

Stóriðjuskóli er nám sem fram fer í öllum álverum landsins. Námið er kjarasamningsbundið og hófst hjá álverinu í Straumsvík.

Í kjarasamningum við Norðulál árið 2011 náðist loks að semja um skólann. Hann fór síðan af stað í samvinnu fyrirtækisins við Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Fjölbrotaskóla Vesturlands haustið 2012. Kennt er eftir námsskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Um er að ræða grunnnám og síðan framhaldsnám. Hvor áfangi um sig er þrjár annir og gefur 5% launahækkun. Almennir starfsmenn geta sótt báða áfangana er þeir sem hafa iðnmenntun sækja framhaldsáfangann. Þann 15.

desember sl. voru útskrifaðir 33 nemendur í tveimur hópum, áður höfðu 99 starfsmenn útskrifast úr skólanum. Það

er óhætt að segja að það ríkir almenn ánægja með þetta nám, það sem helst er kvartað yfir að ekki fái nægilega margir

að komast að og það geti í einhverjum tilvikum verið umdeilanlegt hvernig valið er úr stórum hópi umsækjenda.



Á myndinni má sjá þá sem útskrifuðust úr framhaldsnáminu ásamt forsvarsmönnum fyrirtækisins.

Starfsmenntastyrkir hækkuðu 1. janúar 2018

Um er að ræða breytingar á hámarki einstaklingsstyrkja sem taka gildi hjá öllum sjóðunum fjórum, Landsmennt, Sveitamennt, Ríkismennt og Sjómennt

Hámarksgreiðsla á ári fer úr kr. 75.000,- fyrir almennt nám í kr. 100.000,-

Þriggja ára uppsafnaður styrkur hækkar úr kr. 225.000,- í kr. 300.000,- fyrir eitt samfellt nám.

Hámarksstyrkur vegna námskeiða sem falla undir frístunda/tómstundanámskeið munu hækka í kr. 30.000,- á ári og dregst jafnframt af

heildarupphæð einstaklingsstyrks þess árs

Þá er athygli vakin á því að sérstakur styrkur vegna meiraprófs fellur nú undir almenna einstaklingsstyrki og verður því áfram kr. 100.000.-

ATH: Um er að ræða breytingar sem taka gildi

f.o.m. 1. janúar 2018 og þá gagnvart því námi sem hefst frá og með þeim tíma.

Aðrar reglur verða óbreyttar og gilda samhliða fyrrgreindum breytingum.

Vinnutími styttest en dagvinnulaun hækka verulega!

Stéttarfélag Vesturlands kom nú í annað sinn inn í Gallup könnun, sem félögin við Flóann hafa látið gera frá því um aldamótin. Félögin láta skoða ýmsa þætti kjaramálanna í árlegum könnunum. Félögin fjögur sem hafa þessa samvinnu eru Efling, Hlíf, VSFK og Stétt Vest. Könnunin var gerð í september og október sl.. Fróðlegt er fyrir okkur hjá Stéttarfélagi Vesturlands að bera nú saman breytingar milli ára.

Vinnutími okkar fólks í fullu starfi er ennþá lengri en hjá hinum félögunum. Vinnutíminn styttest þó hjá öllum félögunum nema Hlíf í Hafnarfirði. Heildarlaun okkar


fólks hækka minna en hjá hinum félögunum en dagvinnulaunin hjá Stétt Vest hækka mest, eða um 15.4% milli ára. Félagsmenn hjá Stétt Vest vinna að meðaltali 48,4 tíma 2017 en vinnutíminn var 50,2 tímar 2016.

Það veur líka athygli að mun stærra hlutfall félagsmanna Stéttarfélags Vesturlands býr í eigin húsnæði en hjá hinum félögunum og munar þar mestu á okkar fólki og félagsmönnum Eflingar.

Heildarniðurstöður könnunarinnar má finna með því að skoða frétt á vef félagsins www.stettvest.is í frétt frá 15. des. sl.


Vinnutími – fólk í fullu starfi

Sp. 16. Hvað vannstu margar klukkustundir í aðalstarfi þínu í síðustu viku?



Heildarlaun – breytingar eftir félögum

Meðaltal í þúsundum kr.




Vinningshafi hjá Gallup

Heppinn félagsmaður sem tók þátt í Gallup könnun Flóans var Guðný Krístín Guðnadóttir. Hún hlaut kr. 50.000 í vinning og sótti vinninginn á skrifstofu félags-

ins stuttu fyrir jól. Guðný sagðist hafa verið búin að gleyma því að hún hefði tekið þátt, en vinningurinn kæmi sér vissulega vel.


Dagvinnulaun

Meðaltal í þúsundum kr.



Húsnæði

Sp. 22. Býrð þú í eigin húsnæði, leiguhúsnæði eða í foreldrahúsum?



Orlofshús 2018

Þó enn sé svolítið í sumarið þá óskar Stéttarfélag Vesturlands félagsmönnum þess að þeir njóti gleðilegs sumars og minnir um leið á kostina sem félagið býður upp á sumarið 2018, ásamt breytingum á verðskrá frá 1. júní.

Áfram bjóðum við tvö hús í Húsafelli, Kiðarskóg 1 og 10. Leigan fyrir Kiðarskóg 10 verður kr. 28.000. Ný íbúð á Akureyri Ásatún 26 býðst félagsmönnum einnig á kr. 28.000. Kiðarskógur 1 sem er minna hús en númer 10, verður leigt á kr. 22.000 í sumar eins og Ölfusborgir.

Íbúð félagsins í Ásholti 2 í Reykjavík er ekki höfð með í sumarúthlutun og eru bæði leiguverð og úthlutunarreglur ótengd sumarorlofskostum. Það er hægt að fá þá íbúð leigða í viku á kr. 28.000. Einnig er hægt að fá helgi í Ásholtinu frá 1. júní á kr. 18.000 og staka nótt í miðri viku á kr. 7.000.

Allar umsóknir á sumarhúsavefinn.

Við munum opna fyrir umsóknir 15. mars og úthluta 18. apríl. Allar umsóknir þurfa að fara í gegnum vefinn, þannig að ef

einhverjir félagsmenn treysta sér ekki eða hafa ekki tök á að nota hann, geta þeir haft samband við skrifstofuna og fá aðstoð við að ganga frá umsókn. Greiðsla vegna sumarúthlutunar þarf að hafa borist í síðasta lagi 4. maí. Þær vikur sem verða ógreiddar eða hafa ekki gengið út fara í venjulega úthlutun um hádegi 7. maí og dragast þá 24 punktar af félagsmanni vegna útleigu eftir þann tíma.

Við höfum nú tekið í notkun punktakerfi, sem skilar félagsmanni sem greitt hefur í félagið í einn mánuð, einum punkti. Frá félagsmanni sem leigir sumartímann frá 22. júní til 17. ágúst, dragast 36 punktar og vegna tímans frá 1. júní til 22. júní og vegna tímabilsins 17. ágúst til 31. ágúst dragast 24 punktar frá punktaeign.

Frá 1. júní verður einnig tekin upp punktafrádráttur vegna vinsælla helga í íbúðinni okkar í Reykjavík sem og vegna jóla, áramóta og páska. 12 punktar vegna helgar og 18 punktar vegna viku. Á forsiðu blaðsins er farið betur yfir ávinnslu punktanna og tilganginn með því að nota það kerfi.



Ásatún 26, Akureyri

Ný orlofsíbúð á Akureyri var tekin í notkun 1. feb. 2016 og hefur notið mikilla vinsælda.

Ásatúnið er í svokölluðu Naustahverfi sem er í suðvesturhluta Akureyrar.

Húsið er 12 íbúða fjölbyli á þremur hæðum, byggt árið 2014, klætt utan með bårustáli. Íbúðin er á jarðhæð til vinstri merkt 101.

Íbúðin er 110 fm., þrjú svefnherbergi og svefnaðstaða fyrir 8 manns. Rúm eru 183 cm x 203, 153 x 203, og tvennar kojur með dýnustærð 90 x 200. Tvær auka dýnur í geymslu, sem er innan íbúðarinnar. Borðbúnaður er fyrir 12. Uppþvottavél er í íbúðinni og isskápur með góðum frysti. Barnarúm og barnastóll eru á staðnum.

Á baðherbergi eru þvottavél og þurrkari. Sturta er á baði.

Öll gólf eru flísalögð og íbúðin er mjög rúmgóð, þannig að vel ætti að fara um alla sem nýta sér þessa frábæru aðstöðu. Aðgengi er að sjónvarpi símans og nettingu.

Ef allt gengur að óskum verður kominn sólpallur, með heitum potti við húsið, þegar sumarúthlutunin 2018 hefst.

Einungis nokkrir metrar eru í næstu matvöruverslanir og mjög stutt er á útivistarsvæði Akureyringa. Mjög stutt er í strætó sem er gjaldfrjálst fyrir alla. Á Akureyri er alla mögulega þjónusta að finna, einnig er þar ríkt menningarlíf. Þar er nyrsti 18 holu golfvöllur í heimi, Jaðarsvöllur. Kjarnaskógur er fjölbreytt útivistarsvæði með alhliða möguleikum til hollrar útivistar. Þar eru tveir blakvellir sem ætlaðir eru almenningi og ýmis leiktæki fyrir börn og fullorðna. Góð grillaðstaða er þar fyrir almenning og er mjög vinsælt hjá fjölskyldum og hópum að safnast saman í Kjarna, grilla og eiga saman góðar stundir við leiki og náttúruskoðun. Með tilkomu Héðinsfjarðarganga hefur opnast möguleiki að fara Tröllaskagahring, sem er þá mótvægi við hinn margrómaða Mývatnshring. Sjá nánari upplýsingar á www.akureyri.is

Leigutímabil í boði: Íbúðin stendur félagsmönnum til boða í vikuleigu frá 1. júní til 31. ágúst.

Húsafell - Kiðarskógur 10

Sumarið 2018 býður Stéttarfélag Vesturlands félagsmönnum sínum upp á orlofshúsið í Kiðarskógi 10 í Húsafelli. Kiðarskógur 10 er 94 fm auk svefnlofts. Gistaðstaða er fyrir 8 á neðri hæð. Á svefnlofti eru 2 rúm og nokkrar dýnur. Húsið er búið öllum venjulegum búnaði ásamt heitum potti á palli.

Í Húsafelli er sundlaug, níu holu golfvöllur og á laugardagskvöldum yfir hásumarið er tendraður varðeldur í Hátíðarlundi þar sem sumarhúsagestir og gestir á tjaldsvæði

safnast saman. Fyrir neðan sundlauginu er skemmtilegt leiksvæði með leiktækjum frá Barnasmíðjunni og á tjaldsvæðinu er körfuboltagrind, tvö fótoltamörk og strandblakvöllur. Ótal áhugaverðar gönguleiðir er einnig að finna um Húsafell og nágrenni. Verslun og veitingastaður eru á svæðinu sem er opin alla daga yfir sumartímann.

Leigutímabil í boði: Orlofshúsið stendur félagsmönnum til boða í vikuleigu í sumar frá 1. júní til 31. ágúst.



Húsafell - Kiðarskógur 1

Kiðarskógur 1 er 64 fermetra hús. Því fylgir ágætur lokaður pallur, heitur pottur og lítið gestahús sem er ekki einangrað en með rafmagnsöfni. Húsið er búið öllum hefðbundnum búnaði og lítur mjög vel út. Þrjú svefnherbergi eru í húsínu og gistirými fyrir 8, þar af tvær kojur, allur búnaður er fyrir átta. Rétt er að benda á að fyrir fólk með ung börn þá er sérlega

þægilegt að dvelja í Kiðarskógi 1, pallurinn er lokaður, þannig að lítil börn fara ekki út af honum og þar sem ekki er svefnloft, verður heldur ekkert klifur milli hæða. Á komandi sumri verður kominn þvottavél í bústaðinn.

Kiðarskógur 1 stendur félagsmönnum til boða í sumar í vikuleigu frá 1. júní til 31. ágúst.

Sjúkrasjóður Stéttarfélag Vesturlands

Bótareglur frá og með 1. jan. 2018

- Fæðingarstyrkur** kr. 100.000
Miðast við félag. Þannig að ef tveir fullgreiðandi félagar eignast saman barn eiga hvort um sig rétt á fæðingarstyrk. Greiða þarf iðgjald greiðslum fæðingarorlofs sjóðs. Styrkurinn er framtalsskyldur.
 - Styrkur v/glasa-, tæknifrjövgunar og ættleiðingar** kr. 100.000
Miðast við félag. Þannig að ef um er að ræða tvo fullgreiðandi félagar eiga þeir hvor sinn rétt. Aðeins veittur einu sinni á hverju þriggja ára tímabili. Leggja þarf fram staðfestingu á útlögðum kostnaði og aldrei skal greiða meira en 50% af kostnaði.
 - Gleraugnastyrkur pr. félag á 24 mánaða tímabili** kr. 40.000
pr. barn á 12 mánaða tímabili 20.000
En aldrei meira en 50% af reikningi.
 - Heyrnatækjastyrkur**
pr. félag á 36 mánaða tímabili kr. 40.000
Miðað við tæki í annað eyra. Upphæð tvöfaldast ef þörf er á tveimur tækjum. Þó aldrei meira en 50% af reikningi.
 - Göngugreining**
greitt að fullu, eða allt að: kr. 5.000
 - Almenna heilsufarsskoðun á heilsugæslustöð, fyrir félagsmenn sem verða 50 ára á almanaksári.**
Greitt er að fullu, þó að hámarki kr. 10.000
 - Krabbameinsleit**
100% af grunnrannsókn, allt að: kr. 12.000
 - Almenn rannsókn hjá Hjartavernd**
50% af kostnaði, allt að: kr. 15.000
 - Sjúkranudd, sjúkráþjálfun og önnur endurhæfing.**
Tilvísun lækni getur þurft til. Ekki greitt meira en 50% af reikningi. kr. 50.000
 - Heilsurækt, svo sem sund, líkamsræktarstöðvar o.fl. - Hámark:** kr. 25.000
Umsækjendur þurfa að hafa verið greiðandi sjóðfélagar í a.m.k. 12 síðustu mánuði, miðað við reglur sjóðsins. Þó aldrei meira en 50% af kostnaði á hverju 12 mánaða tímabili. Reikningar skulu stílaðir á nafn viðkomandi og einungis gilda fyrir félagsmanninn.
 - Augnæðgerðir, á öðru auga er hámark** kr. 50.000
Hámark fyrir bæði augu kr. 100.000
Um er að ræða laser eða lasik aðgerðir. Einn fullur styrkur á 36 mánaða fresti. Umsækjandi þarf að hafa verið félagi í síðustu 12 mán.
 - Viðtalsmeðferð hjá sálfræðingum/fjölskylduráðgjöfum.**
Hámark kr. 45.000
Greitt 50% viðtalstíma að hámarki kr. 7.500 fyrir tímenn.
Greining á ADHD skal styrkt samkv. þessari gr. og greiða skal 50% af reikningi að sama hámarki.
 - Dánarbætur, skv. gr. 12.4.** kr. 370.000
 - Dvöl félagsmanna sem fara í endurhæfingu eða meðferð samkvæmt tilvísun lækni á endurhæfingastofnunum verði niðurgreidd um kr. 3.000 á dag í allt að 42 almanaksdaga (6 vikur). Þó aldrei meira en 50% af kostnaði.
 - Stjórn er heimilt** að styðja félagar og börn þeirra til annarra stoðtækjakaupa en að ofan greinir samkv. gr. 12.8. í reglugerð sjóðsins. Stjórnin setur sér þá vinnureglu að stoðtækjakaup séu ávallt að tilvísun lækni og styrkur v/barna 50%.
 - Heimilt er í eitt skipti** að veita styrk sem svarar dagpeningum í allt að 45 daga vegna sjúkdóms sem stafar af ofneyslu vímuefna. Tilvísun lækni þarf til.
 - Dagpeningar** í veikinda- og slysaforföllum í allt að 120 almanaksdaga samkv. grein 12.1 í reglugerð sjóðsins. Þó aldrei hærra en kr. 494.000 í hverjum mánuði.
 - Dagpeninga** vegna veikinda langveikra og alvarlega fatlaðra barna í allt að 90 almanaksdaga, samkv. grein 12.2. Þó aldrei hærra en kr. 494.000 í hverjum mánuði.
 - Dagpeningar** vegna mjög alvarlegra veikinda maka í allt að 90 almanaksdaga, samkv. grein 12.3. Þó aldrei hærra en kr. 494.000 í hverjum mánuði.
- Viðmið til að ná fullum bótarétti er kr. 34.300.- sl. 12 mánuði. Þessi tala verður viðmið eftir 1. jan. 2018.
- Geymd réttindi eldri borgara og öryrkja:**
Samkv. grein 11.1 í reglugerð sjóðsins geymast réttindi sjóðfélaga sem hættir eru störfum vegna aldurs eða örorku óskert í 12 mánuði frá starfslokum, hafi þeir greitt til sjóðsins síðustu 5 árin fyrir starfslok. Eftir það skulu þeir eiga rétt til 60% af þeim styrkjum sem greiðandi félagar njóta. Einnig eiga aðstandendur þeirra rétt til dánarbóta samkv. þessari grein, nú kr. 222.000.
- Grein 12.5 í reglugerð sjóðsins er virkjuð:
- Dagafjölda greiddra dagpeninga skv. 12.1 lið, til þeirra sem greitt er hlutfallslega lægra iðgjald af en 1%, er heimilt að skerða í sama hlutfalli og iðgjaldið er lægra en 1%.
Félagsmenn á almenna markaðnum (verka fólk, iðnaðarmenn og verslunarmenn) 120 dagar.
Félagsmenn er starfa hjá ríkinu 90 dagar.
Félagsmenn er starfa hjá sveitarfélögum 40 dagar
- Almenni markaðurinn greiðir 1% í Sjúkrasjóð. Iðgjöld sveitarfélaganna í sjúkrasjóð er 0,33% af launum og en hjá ríkinu 0,75% af launum viðkomandi starfsmanns.
- Nýtt niðurlag gr. 12.1 og er það nú svohljóðandi:**
Stjórn sjóðsins getur við sérstakar aðstæður metið hvort dagpeningar skuli greiddir lengur en eitt bótatímabil og hver upphæð dagpeninga skuli þá vera. Stjórn sjúkrasjóðs getur (við þessar aðstæður) gert félagsmanni, sem nýtur greiðslu úr sjóðnum, skylt að leita ráðgjafar hjá Virk.
- Heimilt er stjórn sjóðsins að veita styrki til sjóðfélaga í formi forvarnar- og endurhæfingarstyrkja og styrkja vegna sjúkra- og slysa-kostnaðar, fæðingarstyrkja, vegna krabbameinsrannsókna, stoðtækjastyrkja o.þ.h. sem stjórn sjóðsins ákveður á hverjum tíma og geta sjóðsins leyfir.
- Vakin er athygli á 15. grein reglugerðar sjóðsins um fyrningu bótaréttar :**
- 15. grein - Fyrning bótaréttar**
- Réttur til dagpeninga í veikinda og slysaforföllum skv. gr.12.1 og 12.4 fellur niður sé þeirra ekki vitjað innan 12 mánaða frá því rétturinn stofnaðist.
 - Réttur til styrkja skv. reglugerð þessari fellur að öðru leyti niður sé þeirra ekki vitjað innan 12 mánaða frá því rétturinn stofnaðist.
- Upphæðir hámarks dagpeninga og dánarbóta voru hækkaðar 1. jan. 2018 miðað við launavísitölu samkvæmt lögum ASÍ. Dánarbætur taka mið af neysliverðsvísitölu frá 1. jan 2017. Bótareglurnar voru síðast staðfestar á aðalfundi Stéttarfélags Vesturlands 5. okt. 2017.

Greiðslur úr Sjúkrasjóði og fræðslusjóðum

Áramót eru tími uppgjöra, yfirlita og samanburðar milli ára á því sem gert er. Stéttarfélag Vesturlands hélt aðalfund sinn óvenju seint árið 2017, eða 5. október sl. Rekstur félagsins hvað fjármál varðar var í fínu lagi og afgangur af öllum sjóðum. Gert er ráð fyrir að vera mun fyrr á ferðinni með uppgjör vegna ársins 2017. Þegar getum við séð að greiðslur úr

Sjúkrasjóði vaxa úr 30.6 millj. í 34.3 millj. eða um ca 12% milli ára. Þar af fara greiðslur sjúkra- og slysadagpeninga úr 19.2 millj í 22.5 og aðrir styrkir sjúkrasjóðs fara úr 11.4 millj. í 15.1. 2017. Félagið er að greiða nánast upp á krónu sömu upphæð vegna útfararstyrkja til aðstandenda og í fæðingarstyrki til nýbakaðra foreldra í félagsmannahópnum eða rúmar 2.8 millj. í hvorn

styrkjaflokk. Næst á eftir þessum styrkjum koma svo styrkir til kaupa á gleraugum og augnaðgerðum, tæpar 2.8 millj. Á árinu 2016 voru greiddir 430 styrki úr sjóðnum en á sl. ári voru styrkirinnir 493.

Fræðslusjóðirnir sem félagið greiðir styrki úr eru 5 talsins það eru Landsmennt, Sveitamennt, Ríkismennt, Starfsmenntastjóður verslunar

og skrifstofufólks og svo Eigin sjóður.

Á árinu 2017 var heildarfjöldi allra styrkja 124 (77 konur og 47 karlar) en höfðu verið 117 (75 konur og 42 karlar) árinu áður. Heildargreiðslur úr öllum sjóðunum námu 5.017.397.- kr. árið 2017 sem er 11% lækkun frá árinu 2016 en þá námu heildargreiðslur 5.610.275.- kr.



Við minnum á að umsóknum og gögnum um styrki í sjúkrasjóð og fræðslusjóði þarf að skila fyrir 25. hvers mánaðar.

Skrifstofa Stéttarfélags Vesturlands er opin eins og hér segir:

Borgarnes

Alþýðuhúsinu, Sæunnargötu 2a, í Borgarnesi
alla virka daga frá kl. 08:00-16:00
Sími: 430 0430

Skrifstofum félagsins í Búðardal og Hvalfjarðarsveit hefur verið lokað.

Stefnt er að því að sinna samkiptum við félagsmenn með vinnustaðaheimsóknum, ýmist skipulögðum eða óvæntum. Félagsmönnum er bent á að hafa samband við skrifstofuna í Borgarnesi og panta fulltrúa frá félaginu í heimsókn ef þeir telja þörf á.

Við minnum á símann:
430 0430 – fax: 430 0431
netfang: stettvest@stettvest.is

Heimasíða félagsins er: www.stettvest.is



Ölfusborgir

Sumarhús félagsins í Ölfusborgum er alltaf jafn vinsælt. Á glæsilegri veröndinni, sem er afgirt, er heitur pottur og gasgrill. Svefnaðstaða er fyrir 6 til 8 manns, sængur og koddar f. 8 og borðbúnaður f. 8. Húsið er búið öllum venjulegum búnaði fyrir 6 til 8 manns.

Í Hveragerði, sem er í göngufæri frá bústaðnum, er alla þjónustu að finna og svo er líka stutt að skreppa á Selfoss sem er í ca 5 mín. akstursfjarlægð. Einnig er stutt að keyra t.d. á Stokkseyri, Eyrarbakka, Þorlákshöfn og í uppsveitir Árnessýslu þar sem margt skemmtilegt er að skoða. Sem dæmi má nefna Draugasafnið á

Eyrarbakka eða Dýragarðinn í Slakka, boðið er upp á kajaksiglingar frá Stokkseyri og flúðasiglingar niður Hvítá. Með tilkomu Landeyjahafnar skapast kostur á skemmtilegri ferð með Herjólfli til Vestmannaeyja. Ef keypt er ferð með Herjólfli bendum við þér á að geyma kvittunina, því við endurgreiðum þér 50% af þeim kostnaði. Við vekjum einnig athygli á því að hægt er að fá ýmsa þjónustu keypta hjá Heilsustofnun NLFÍ sem er í næsta nágrenni.

Orlofshúsið við Ölfusborgir stendur félagsmönnum til boða í sumar í vikuleigu frá 1. júní til 31. ágúst.

HÆKKUN Á STARFSMENNTASTYRKJUM Í STARFSMENNTASJÓÐI VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS UM NÆSTU ÁRAMÓT

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks hefur samþykkt hækkun á styrkjum til félagsmanna sem tekur gildi um næstkomandi áramót 2017/2018.

Veittur er hámarksstyrkur allt að 130.000 kr. á ári.

- 90% af námi/starfstengdu námskeiðsgjaldi/ráðstefnugjaldi – hámark 130.000 kr.
- 50% af tómstund – hámark 30.000 kr. (dregst frá hámarksstyrk).
- 50% af ferðastyrk vegna náms – hámark 40.000 kr. (dregst frá hámarksstyrk).

Skilyrði fyrir styrkveitingu er að félagsmaður greiði námsgjöld/námskeiðsgjöld/ráðstefnugjöld.

Uppsöfnun einstaklinga til þriggja ára verður því 390.000 kr. fyrir einu samfelldu námi.

Veittir fyrirtækjastyrkir munu að auki hækka í samræmi við styrki til einstaklinga um næstu áramót.

Nánari upplýsingar er að finna á starfsmennt.is